

Skýrsla stjórnar Minjaverndar hf. fyrir starfsárið 2008.

Á aðalfundi Minjaverndar hf. þann 19. maí 2008 voru eftirtalin kjörin í stjórn félagsins: Sem aðalmenn Pröstur Ólafsson, Þórhallur Arason, Rakel Olsen, Kristbjörg Stephensen og Þorvaldur S. Þorvaldsson. Sem varamenn Benedikt Geirsson, Hafsteinn Hafsteinsson og Kristín Einarsdóttir. Endurskoðandi félagsins var kjörin Anna Kristín Traustadóttir löggiltur endurskoðandi. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var Pröstur Ólafsson kjörinn formaður stjórnar og Kristbjörg Stephensen varaformaður.

Framkvæmdastjóri félagsins er Þorsteinn Bergsson.

Stjórn Minjaverndar hélt 3 bókaða stjórnarfundi á starfsárinu og verður hér gerð grein fyrir helstu atriðum í starfsemi félagsins.

Framkvæmdir eða áform Minjaverndar í Reykjavík.

Við verklok endurbyggingar Aðalstrætis 10 á vormánuðum 2007 lauk vinnu Minjaverndar að endursköpum húsa og götumyndar við vestanvert Aðalstræti. Umræður um þá endurbyggingu og samvinnu Minjaverndar við Reykjavíkurborg hófust í nóvember 1994. Fyrsta áfanga framkvæmda lauk 1999 þegar lokið var endurgerð hússins Ísafoldar, en Minjavernd tók það niður að Austurstræti 8 og endurreisti á núverandi stað að Aðalstræti 12. Í framhaldi gerðist Reykjavíkurborg hluthafi í Minjavernd og lét til félagsins allar eignir sínar við vestanvert Aðalstræti utan hús og lóð Aðalstrætis 10 á þeim tíma. Þetta var gert í því augnamiði að félagið tækist á herðar að standa fyrir uppbyggingu á auðum lóðum á horni Aðalstrætis og Túngötu ásamt því að endurbyggja húseignir að Aðalstræti 2. Þetta hefur verið eitt aðalverkefni félagsins á undanförunum árum og unnist í nokkrum áföngum. Stærsti einstaki áfanginn var uppbygging á horni Aðalstrætis og Túngötu sem lokið var í góðu samstarfi Reykjavíkurborgar, Fasteignafélagsins Stoða, nú Landic property og Minjaverndar. Heildarkostnaður þessarar uppbyggingar allrar nemur rétt tæpum þremur milljörðum króna. Er full ástæða til að þakka öllum þeim sem starfað hafa með Minjavernd að þessu verkefni.

Ziensen.

Á vormánuðum 2006 tók Minjavernd að sér nýtt verkefni fyrir Reykjavíkurborg. Það var flutningur á húsinu Ziensen frá Hafnarstræti 21 til geymslu á Grandagarði. Í framhaldi voru á vegum Minjaverndar, í samstarfi við Reykjavíkurborg, unnar upp tillögur að hugsanlegri framtíðarstaðsetningu hússins í miðborginni. Eftir umræður og skoðun máls varð ofan á að húsið skyldi um framtíð standa á Grófartorgi. Í framhaldi af því var þann 16. ágúst 2007 gengið frá samningi milli borgarinnar og Minjaverndar um flutning og endurgerð hússins þar. Þetta verkefni var sýnu stærst verka Minjaverndar á árinu 2008. Hafist var handa um gröft fyrir sökklum og kjallara hússins í mars, unnið að steypu og hleðslu sökkla og kjallaraveggja yfir sumarmánuði og húsið var flutt á sinn framtíðarstað í lok september. Fyrir flutning þess af Grandagarði var jafnframt unnið að viðgerð og klæðningu útveggja hússins þar. Þegar í upphafi var fyrirhugað að vanda allan frágang húss og umhverfis þess sem verða má og draga fram ýmis þau atriði sem minna á sögu þess og fyrra umhverfi. Þetta hefur verið forsenda í vinnu að endurgerð hússins og er farið að sjá vel stað, nú þegar liðið er á seinni hluta framkvæmdatíma. Þannig voru sökkulhleðslur þess teknar og er sökkull hússins endurhlaðinn úr sama grjóti og það stóð á ásamt grjóti úr sökklum annarra pakkhúsa sem stóðu norðan við

Ziensen þar sem það stóð við Hafnarstræti. Jafnframt voru teknir niður hafnar-kantar norðan við húsið til að endurhlaða í umhverfi þess á nýjum stað. Hafa Faxaflóahafnir tekið vel í að koma að þeirri endurgerð. Jafnframt hefur Listasafn Reykjavíkur ákveðið að koma að frágangi umhverfis austan hússins með því að annast og kosta uppsetningu á listaverki í samvinnu við Minjavernd.

Húsið sjálft mun fá vandaða endurgerð. Í kjallara þess verður gert ráð fyrir veitingaaðstöðu, á neðri hæð hússins verður verslunar og þjónusturými og skrifstofurými á efri hæð. Til að raska innra burðarvirki sem minnst og ganga ekki á nothæfan grunnflöt hússins sjálfs var ákveðið að færa stiga og lyftu út fyrir grunnflöt hússins og reisa þannig stiga og lyftuhús vestan við húsið. Ákveðið var að hafa burðarvirki þess úr stáli og gluggakerfi úr járni. Verður það kerfi nokkuð frábrugðið þeim gluggakerfum sem helst hafa verið notuð hér á síðari árum. Í kjallara-gluggum hússins og stærri gluggum neðri hæðar hefur verið komið fyrir svipuðum járngluggum en þó með eldra svipmóti.

Gert er ráð fyrir því að húsið verði selt að endurgerð lokinni reynist það hagkvæmt, en Minjavernd vinnur þegar að því að finna heppilega rekstraraðila í húsið. Vonir standa til að húsið verði tilbúið nú um mitt ár 2009.

Austurstræti 22 og Lækjargata 2.

Vorið 2007 eyðilögðust húseignir að Austurstræti 22 og Lækjargötu 2 í bruna. Að beiðni borgaryfirvalda veitti Minjavernd liðsinni við afskerningu svæðis, ásamt uppmælingu og niðurtöku leyfa hússins Austurstræti 22.

Á árinu 2008 tók Minjavernd að sér að beiðni Reykjavíkurborgar að annast um verkefnisstjórn endurbyggingar á reitnum ásamt starfsfólki Frakvæmda og eignaráðs borgarinnar. Unnið hefur verið að niðurtöku hússins að Lækjargötu 2 ásamt forhönnun bygginga á reitnum og ýmsum öðrum undirbúningi byggingarframkvæmda, en stefnt er að því að vinna við framkvæmdir hefjist fyrir sumarbyrjun.

Vaktarabær.

Allt frá árinu 2007 hefur verið umræða milli Reykjavíkurborgar og Minjaverndar um að félagið taki að sér endurgerð Vaktarabæjarins að Garðastræti 23. Þann 26. júní 2008 var gengið frá afsali hússins til Minjaverndar og samningi Reykjavíkurborgar og Minjaverndar um þá endurgerð. Gert er ráð fyrir að Minjavernd hafi lokið endurgerð hússins að ytra byrði fyrir árslok 2009 og verkefninu verði að fullu lokið á árinu 2010. Húsið hefur þegar verið mælt upp og gengið frá teikningum að endurgerð þess sem munu fá afrgeiðslu byggingaryfirvalda á vormánuðum. Ráðist var í könnun vegna fornleifa á lóð hússins og liggur fyrir að framkvæmda þarf fornleifarannsókn á þeim svæðum lóðar sem raskað verður vegna framkvæda. Standa vonir til að hægt verði að hefja framkvæmdir nú um mitt ár.

Grjótagata 9.

Minjavernd keypti á vormánuðum 2007 húsið að Grjótagötu 9. Á því ári var hafist handa um endurgerð hússins og henni lauk um mitt ár 2008. Húsið hefur nú verið selt og verður afhent nýjum eiganda í maí n.k.

Bankastræti 2.

Þegar á árinu 1982, er verið var að hanna nýbyggingar á Bernhöftstorfu, meðfram Skólastræti, var gert ráð fyrir byggingu út við Bankastræti sem lægi þvert á svonefnd Móhús. Á þeim tíma fékkst ekki heimild þáverandi skipulagsyfirvalda fyrir henni. Á árinu 2007 var þeirrar heimildar aflað með breytingu á deiliskipulagi svæðisins og á árinu 2008 voru lagðar fram teikningar að nýbyggingu – viðbyggingu við fyrrnefnd Móhús og þær samþykktar. Ekki var á því ári ráðist í framkvæmdir, enda næg verkefni við endurgerð Ziemsenhúss. Það er nú til skoðunar hvort rétt er að ráðst í þessar framkvæmdir á haustmánuðum þessa árs og stækka útleigurými félagsins við Bankastræti. Rætt hefur verið við áhugasama leigutaka og bendir margt til þess að þetta sé áhugaverður kostur.

Tillögur að verkum sem unnið hefur verið að á liðnum árum

Gröndalshús.

Nokkrar umræður hafa einnig á undanförunum árum verið um framtíð Gröndalshúss. Minjavernd hefur komið á framfæri við borgaryfirvöld tillögum um framtíð hússins sem liggja fyrir til skoðunar. Eins og fram kemur í þeim erindum er félagið reiðubúið til að taka húsið að sér þar sem það stendur við Vesturgötu og standa að og kosta endurgerð þess á lóð í Grjótaþorpi, leggi Reykjavíkurborg slíka til. Borgaryfirvöld hafa um nokkurt skeið verið skuldbundin til að flytja húsið af núverandi stað sínum.

Kirkjustræti.

Eftir að endurbyggingu Ingólfsnausts að Aðalstræti 2 lauk og ljóst var orðið að uppbygging á horni Aðalstrætis og Túngögu mundi ganga fram undir þeim formerkjum sem Minjavernd hafði lagt upp, leit félagið til þess hvort liðsinni Minjaverndar gæti komið til við endursköpun Kirkjustrætis.

Húsalína götunnar frá Dómkirkju að Herkastala hafði verið lagfærð að nokkru leyti og af myndarskap, bæði Alþingis og safnaðarstjórnar Dómkirkju. Fyrir lá þó að eftir var að taka ákvörðun um kaflann frá og með Skjaldbreið og að horni Tjarnargötu. Minjavernd lagði fram gamla hugmynd í nýjum búningi sem innlegg í þá umræðu. Gerði hún ráð fyrir endurgerð og stækkun á Skjaldbreið og flutningi Skúlahúss að Vonarstræti 12 yfir á horn Kirkjustrætis og Tjarnargötu.

Í fyrstu hlaut tillaga þessi ekki einróma viðtökur, en á liðnu ári fékkst farsæl niðurstaða og nú ljóst að húsalína Kirkjustrætis mun fá fallega endurgerð. Fyrir liggur þá að Alþingi þarf að huga að uppbyggingu þessari og á byggingarreit sínum í heild og setja hana niður í áfanga. Minjavernd er sem fyrr reiðubúin til samstarfs við Alþingi um framhald og framkvæmd þeirra áforma er snúa að húsalínu Kirkjustrætis.

Viðey.

Á árinu 2005 ákváðu Þyrping hf og Minjavernd að taka upp gamla hugmynd frá árinu 2001 um flutning á Minjasafni Reykjavíkur út í Viðey. Unnin voru gögn sem sýna fram á hvernig hægt er að koma safninu fyrir úti í Viðey, hvaða ráðstafanir þarf að gera til að það geti orðið, kostnað þessu öllu samfara og lagt mat á verðmæti þess svæðis sem safnið nú stendur á og nýta mætti sem byggingarland.

Tillaga þessi hlaut á vormánuðum 2006 töluverða umfjöllun bæði innan borgarkerfis sem og í fjölmiðlum. Fram komu ýmsar ábendingar, jákvæðar og neikvæðar. Af hálfu Minjaverndar er lítið svo á að umræða um hugmynd þessa sé ekki öll, heldur þurfi hún að þroskast og vinnast betur. Niðurstaða starfshóps sviðsstjóra Reykjavíkurborgar liggur fyrir, en hefur ekki hlotið umræðu eða afgreiðslu. Þótt margt hafi breyst síðan þessi tillaga var lögð fram mun Minjavernd stuðla að frekari útfærslu og skoðun hennar á næstu árum.

Leigusamningar.

Minjavernd byggir fastan rekstur sinn og fjárhag að mestu leyti á útleigu þess húsnæðis sem hún hefur endurgert í miðborg Reykjavíkur. Það er því lögð töluverð vinna að því að halda útleigu þessara eigna í því horfi að þær skili ásættanlegum fjárhagslegum afrakstri og séu jafnframt umhverfi sínu til sóma. Á árinu 2008 voru engar breytingar á hópi leigutaka og engar leigutekjur hafa verið afskrifaðar á árinu. Nú á fyrri hluta árs 2009 eru hins vegar fyrirsjáanlegar nokkrar breytingar á leigutökum á Bernhöftstorfu.

Útgáfustarfsemi, kynningarefni.

Minjavernd hefur látið taka saman ýmislegt efni er varðar sögu þeirra húsa sem félagið hefur unnið að endurgerð á. Hefur verið horft til útgáfu þess, en ekki komist í verk enn sem komið er.

Nýtt hefti tímaritsins Design form Scandinavia inniheldur hins vegar fjölda síðna með kynningu á starfi Minjaverndar að endurbyggingu í Aðalstræti. Er þar mjög jákvæð kynning á ferð sem kemur því starfi skilmerkilega á framfæri á erlendri grundu.

Viðhald húseigna Minjaverndar í Reykjavík.

Minjavernd er það nokkurt kappsmál að halda eigum sínum í þokkalegu ásigkomulagi og að yfirbragð þeirra sé í umhverfi frekar til sóma en annað. Er það enda nauðsynlegt svo þær geti skilað félaginu tekjum sem það lifir á. Félagið lagði rúmlega 5.3 milljónir til viðhalds eigna sinna í Reykjavík á liðnu ári. Mikið er gengið um þau hús sem félagið hefur til útleigu og þarfnast þau því jafnvel meira viðhalds en framkvæmt hefur verið ef vel á að vera.

Framkvæmdir eða áform Minjaverndar úti á landi.

Bókhlaðan í Flatey.

Minjavernd hefur annast vörslu og viðhald Bókhlaðunnar í Flatey frá 1985. Húsið var byggt 1864 og er elsta hús sem byggt var fyrir bókasafn á landi hér og enn nýtist sem slíkt. Minjavernd lauk við endurbyggingu hússins 1987 og hefur annast viðhald og umsjón þess. Hið gamla bókasafn Framfarastiftunar Flateyjar er í vörslu Landsbókasafns. Til umræðu hefur komið að Minjavernd aðstoði við útvegum fjármagns til flokkunar og lagfæringa á bókum safnsins. Í framhaldi mætti finna hluta þess samastað í húsum Minjaverndar í Flatey.

Eyjólfspakkhús, Stórapakkhús og Samkomuhús í Flatey.

Nú eru liðin sjö ár síðan lokið var viðgerð á Eyjólfspakkhúsi og það tekið í notkun. Eftir það var frekar litlum fjármunum varið til endurbyggingar hinna pakkhúsanna næstu ár, þ.e. Stórapakkhúss og Samkomuhúss. Á árunum 2004 og 2005 var ráðist nokkra áfanga við endurgerð á Stórapakkhúsi.

Frá áramótum 2005 / 2006 voru hins vegar verið farnar fjölmargar vinnuferðir á vegum félagsins til viðgerða á Samkomuhúsinu fram í júní það ár og síðan frá nóvember 2006 til júní 2007 til viðgerða á Stórapakkhúsi. Um árabíl hafði verið til þess horft við endurgerð pakkhúsanna að þau nýttust í þágu ferðamanna í Flatey er til framtíðar væri litið. Ákveðið var að ljúka þessari endurbyggingu í tveimur áföngum sem fyrr greinir. Fyrri áfanginn var að ljúka viðgerð á Samkomuhúsi utan sem innan og litlum hluta Stórapakkhúss. Þar var þannig hægt að opna greiðasölu í sumarbyrjun 2006 og jafnframt gistingu í Eyjólfspakkhúsi. Seinni áfanginn var að ljúka við viðgerð Stórapakkhúss, koma þar fyrir herbergjum til gistingar og var það opnað vorið 2007. Samið var við hlutafélag 6 aðila um rekstur ferðapjónustu í húsunum.

Sjóvarnargarðar – Silfurgarður í Flatey.

Fyrir nokkrum árum átti Minjavernd frumkvæði að því með Þjóðminjasafni að ráðast í gagngerar endurbætur á gömlum hleðslum Silfurgarðs og Stóragarðs. Er nú komið að því að halda þarf því verki áfram. Í gegnum aldir hafa íbúar sinnt sínum vörum og hleðslum á hverju vori, en því er ekki til að dreifa lengur. Sem lið í að ganga frá umhverfi Eyjólfspakkhúss lét Minjavernd lagfæra Eyjólfspan á árinu 2003. Stórviðri og aukinn ágangur sjávar hefur skaðað mannvirki þessi á liðnum árum. Því er nauðsynlegt að afla fjár til frekari lagfæringa þessara gömlu mannvirkja, en Silfurgarður var stærsta einstaka einkaframkvæmd hér á landi á fyrri hluta 19. aldar. Minjavernd hefur á árinu 2009 sótt um stuðning opinberra aðila til framhalds þessa verkefnis og m.a. haft þar í huga endurgerð svokallaðrar Eyjólfsbryggju.

Húsin í heiðinni.

Lagning símanns frá Seyðisfirði til Reykjavíkur er undirbúin var sumarið 1905 og síðan framkvæmd á einu sumri 1906 var ótrúlegt þrekvirki og stærsta einstaka framkvæmd hér á landi á 20. öld fram að seinna stríði. Einkum var mikið í ráðist við að leggja línu yfir hálendi frá Héraði til Vopnafjarðar og þaðan yfir að Grímsstöðum á Fjöllum. Minjavernd réðst í það á árunum 2001 til 2003 að skoða ummerki þeirrr línulagnar og þar með þeirra húsa sem reist voru meðfram línunni á sínum tíma. Í framhaldi var gerð áætlun um endurgerð húsanna. Á árinu 2004 réðst Minjavernd í að framkvæma fyrsta áfanga þeirrar áætlunar, er fólst í endursmíð hússins við Haug, um 23 km austan við Grímsstaði á Fjöllum í um 740 metra hæð. Gekk sú framkvæmd ágætlega og í september það ár var húsinu komið fyrir á grunni þess gamla, svo nákvæmlega að gamla dyrahellan nýtist nú óhreyfð nýjum dyrum. Við framkvæmdina og í framhaldi af henni voru töluverð viðbrögð af heimaslóð og öll mjög jákvæð. Það varð með öðru til þess að félagið réðst í næsta áfanga verksins 2005 sem var að koma fyrir húsi í stað þess sem áður stóð á Urðum, nær miðja vegu milli Grímsstaða og Vopnafjarðar. Það hús er nokkru stærra en það fyrsta og betur búið til dvalar. Gengið var í framhaldi frá samningi við Ferðaklúbbinn 4x4 á Austurlandi um daglega vörslu húsanna og afnot af þeim, en félagsskapurinn styrkti framkvæmdina jafnframt.

Í lok árs 2005 var síðan gengið frá samningi við Landssíma Íslands hf. um þriðja húsið á Smjörvatnsheiði. Með samningi þeim tók Síminn hf. að sér að kosta og framkvæma það að setja upp hús á Smjörvatnsheiði í stað húss sem reist var úr liggjandi símastaurum árið 1906. Húsið var reist og lokið við allan frágang þess sjálfs síðsumars 2006, en Minjavernd annaðist og kostaði á árinu 2007 lokafrágang og að setja í húsið innanstokksmuni, sérsmíðaðar kojur, borð og bekki. Í framhaldi var gerður samningur um vörslu þess og afnot við Björgunarsveitina Vopna á Vopnafirði. Húsið verður notað sem björgunarskýli á heiðinni og kemur í stað annars sem hrörlegt mjög er orðið og verður þá fjarlæggt. Á árinu 2007 var þannig lokið við verkefni þetta sem tók 7 ár frá upphafi skoðunar til lokafrágangs síðasta hússins. Það hefur þegar gerbreytt aðstöðu og möguleikum ferðaþjónustu hvað aðstöðu snertir á þessum heiðum og heldur við sögu sem ella hefði glatast frekar í hugum fólks og fallið í gleymiskunnar dá.

Ríkið á Seyðisfirði.

Eftir verkalok endurgerðar pakkhúsa í Flatey og að loknum lokaáfangi endurgerðar símahúsa háttar svo til að Minjavernd hefur lokið þeim verkefnum úti á landi sem félagið hefur haft með höndum á liðnum árum. Því hefur val frekari verkefna verið rætt nokkuð í stjórn félagsins og m.a. verið horft til Austfjarða í því efni.

Félagið hafði um nokkurra ára skeið unnið í samvinnu við fjármálaráðuneyti að framtíðarlausn á fyrirkomulagi endurbyggingar, eignarhaldi og rekstri hússins Ríkisins á Seyðisfirði. Að niðurstöðu var orðið að félagið tæki við húsinu af fjármálaráðuneyti f.h. ríkissjóðs til eignar. Í því samhengi hafði verið gengið frá innihaldi tveggja samninga, annars vegar þríhliða samkomulags milli fjármálaráðuneytis, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Minjaverndar um framtíð hússins og hins vegar milli fjármálaráðuneytis og Minjaverndar um fjárhagslega hlið verkefnisins. Ganga átti frá samningum þessum í sumarbyrjun 2008, en horfið var frá því vegna viðhorfa heimamanna. Minjavernd hafði þegar farið nokkrar skoðunar- og undirbúningsferðir vegna verkefnis þessa, mælt húsið vandlega upp og undurbúningur kominn vel á veg. Verkefni þetta hefði getað orðið skemmtilegt viðfangsefni og öllu umhverfi sínu til góðs, enda til þess einvörðungu stefnt.

Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði.

Samhliða því að unnið var að uppmælingu Ríkisins á Seyðisfirði var af hálfu Minjaverndar litið til Franska spítalans á Fáskrúðsfirði og það hús mælt upp. Eftir að horfið var frá aðkomu Minjaverndar að verkefnum á Seyðisfirði hefur verið horft mjög til þess að félagið taki að sér Franska spítalann. Tekið hefur verið saman ágríp af sögu hússins og gefið út í kveri á íslensku og frönsku. Rætt hefur verið við heimamenn um aðkomu félagsins að þessu verkefni og hvernig það geti best stutt þá í þeirri viðleitni að setja Fáskrúðsfjörð á kortið sem “franskan” ferðamannabæ, hvar tilveru og samskiptum landanns við frakka séu gerð góð skil. Á vegum félagsins er verið að kanna hvort og með hvaða hætti sé hægt að afla fjár til verkefnisins. Húsið var upphaflega byggt inni í Búðakauptúni 1903, en tekið niður fjöl fyrir fjöl og flutt út á Hafnanes 1939.

Í þessu efni er gert ráð fyrir að húsið verði aftur flutt aftur inn í kaupúnið og því komið fyrir neðan Læknishússins sem einnig var reist af Frökkum. Saman gætu húsin þannig staðið saman, nýst í þágu ferðamanna og eflt bæinn og stutt í sögulegu samhengi og styrkt hann sem ferðamannabæ. Minjavernd mun reyna af megni að vinna þessu verkefni framgang.

Ýmis önnur verkefni eru eða hafa verið á borðum Minjaverndar til skoðunar, í Reykjavík sem á landsbyggð, en hér þykir einungis ástæða til að nefna þau sem helst hefur verið sinnt að undanfögnu.

Fjárhagsstaða, uppgjör og afkoma Minjaverndar hf.

Afkoma Minjaverndar á árinu 2008 var neikvæð, en tap ársins nam 44.3 m.kr. Rekstrartekjur námu 80.8 m.kr. og rekstrargjöld námu 56.6 m.kr. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld voru neikvæð um 60.5 m.kr., en þar af nam hækkun fjárfestingaeigna 11.2 m.kr. Verðstuðull þeirra var lækkaður m.t.t. markaðar. Eignir félagsins námu í árslok 1.015 m.kr. og skuldir 403.2 m.kr. Eigið fé var því 611.9 m.kr. Eiginfjárhlutfall var 60.3 %, innra virði 2.2 og veltufjárhlutfall 7.8 %.

Niðurlag.

Staða Minjaverndar hf. er góð. Þrátt fyrir áföll á fasteignamarkaði hefur tekist að halda þétt utan um starfsemi og hún ekki borið mikinn skaða af, nema að vaxtabyrði hefur verið mikil. Tekjur félagsins hafa fylgt áætlunum. Til þessa verður að líta sérstaklega þar sem félaginu er ekki ætlað að þiggja fjármuni frá ríki eða borg og þarf því að huga vel að fjárhagsstöðu sinni til framtíðar. Á liðnum árum hefur meginþungi starfs verið í miðborg Reykjavíkur og verður þeim að mestu lokið með endurgerð Ziemsen. Félagið hefur unnið að hugmyndum um frekari verkefni í Reykjavík, en jafnframt hefur verið stefnt að því að styrkja starf þess úti á landi.

Þröstur Ólafsson formaður stjórnar
Þorsteinn Bergsson framkvæmdastjóri.